

Ár 2007, mánudaginn 27. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Einar Páll Tamimi, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2007**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. apríl 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 10. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. apríl 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 16. maí 2007. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. maí 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 7. júní 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. júní, 5. júlí og 27. ágúst 2007.

II.

Málsatvik.

Hinn 30. janúar 2007 seldi sóknaraðili fyrir milligöngu varnaraðila hluti að nafnverði kr. 217.880 í **A**, á genginu 6,528311 fyrir samtals kr. 1.422.388. Jafnframt seldi eiginmaður sóknaraðila, **B**, sama dag hluti að nafnverði kr. 985.316 á sama gengi fyrir samtals kr. 6.432.449. Þá seldi **B**, einnig svonefnd fyrirtækjabréf varnaraðila fyrir kr. 109.316 og sparibréf varnaraðila fyrir kr. 755.112. Loks keyptu sóknaraðili og **B**, hvort um sig peningabréf varnaraðila að nafnverði kr. 174.450 á genginu 24,762 fyrir samtals kr. 4.319.731 hinn 2. febrúar 2007.

Hinn 29. janúar 2007 hafði **A**, tilkynnt að ársuppgjör yrði kynnt 15. febrúar 2007. Degi síðar, þ.e. sama dag og sóknaraðili seldi bréf sín í nefndu hlutafélagi, var tilkynnt um að aðalfundur félagsins yrði haldinn 6. mars 2007. Á aðalfundinum mun hafa verið ákveðið að greiða út 110% arð, 50% í peningum og 60% í nýjum hlutum í félaginu.

Sóknaraðili kveðst hafa spurst fyrir um það hjá varnaraðila hvenær henni yrði greiddur arður frá nefndu hlutafélagi. Var henni tjáð að af því yrði ekki þar sem hún hefði selt hluti sína. Með bréfi, dagsettu 10. apríl 2007, var gerð athugasemd við varnaraðila vegna framangreindra viðskipta og ráðgjafar varnaraðila þeim tengdum. Taldi sóknaraðili tjón sitt og eiginmanns síns nema samtals kr. 538.143 og gerði kröfu

um að varnaraðili tæki á sig ábyrgð á því að þau hefðu ekki fengið greiddan arð í marsmánuði eins og venja væri til. Erindi sóknaraðila var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 29. mars 2007.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 10. apríl 2007.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér kr. 538.143.

Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við þjónustufulltrúa hjá varnaraðila og beðið hann um skoða verðbréfaeign sína, ávöxtunarleiðir og sameiningu á verðbréfum. Hafi henni verið tjáð að ávöxtun bréfanna hefði ekki verið góð undanfarin ár og því best í þeirri stöðu að selja þau og kaupa peningabréf í staðinn. Kveðst sóknaraðili hafa staðið í þeirri trú að með verðbréfum væri eingöngu átt við fyrirtækja- og sparibréf varnaraðila en ekki hlutabréf. Telur sóknaraðili að hann hefði áttað sig á að um misskilning hefði verið að ræða hefði honum verið tjáð að við sölu á hlutabréfum sínum myndi hann missa rétt til arðgreiðslu. Hefði varnaraðila átt að vera ljóst að möguleiki væri á útgreiðslu arðs í mars. Þá hefði varnaraðili og átt að ráðleggja sóknaraðila að bíða fram yfir aðalfund með sölu á hlutunum, óháð því hvort arður yrði greiddur út eða ekki. Kveður sóknaraðili ljóst að upplýsingum varðandi hlutafjäreign og arðgreiðslur hafi verið ábótavant og sé því eðlilegt að varnaraðili beri að hluta ábyrgð í málinu.

Krafa sóknaraðila byggist á þeim arði, sem hann og maki hans hefðu að sögn fengið greiddan í mars 2007, kr. 601.598, að viðbættum kostnaði við sölu verðbréfa, en að frádregnum áunnum vöxtum í mars 2007 af keyptum peningabréfum varnaraðila. Standa þá eftir kr. 538.143 sem er krafa sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst hafa ráðlagt sóknaraðila að selja hlutabréf sín í **A**, og kaupa peningabréf varnaraðila. Kveður varnaraðili engar upplýsingar um uppgjör félagsins eða væntanlegar arðgreiðslur hafa legið fyrir þegar viðskipti sóknaraðila áttu sér stað 30. janúar 2007. Þá hafi og verið óvissa um þróun á verðmæti hluta félagsins. Hafi ráðgjöf varnaraðila því ekki verið röng eða ábótavant á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað.

Varnaraðili bendir ennfremur á að arðgreiðslur **A**, hafi verið með eindæmum háar þetta árið. Þá hafi verð hluta í félaginu lækkað verulega eftir aðalfund félagsins. Sé það í samræmi við það sem almennt gerist enda sé verið að taka verðmæti út úr hlutaðeigandi félagi. Greiningardeild varnaraðila hafi og mælt með sölu á hlutum í félaginu að lokinni arðgreiðslu.

Varnaraðili vísar til þess að fjárfesting í hlutabréfum, sérstaklega án áhættudreifingar, sé áhættusöm og mæli hann ekki með slíku fyrir eldra fólk heldur frekar ávöxtun með öruggum hætti. Séu peningabréf varnaraðila ein leið til þess. Hafi ávöxtun þeirra verið með miklum ágætum frá áramótum og verði því að telja að fjármunir sóknaraðila hafi notið góðrar og öruggrar ávöxtunar frá því að hlutabréfin voru seld og peningabréfin keypt. Telur varnaraðili ráðgjöf sína hafa verið með öllu eðlilega miðað við þekkingu og atvik á þeim tíma sem hún hafi verið veitt.

V.**Niðurstaða.**

Fyrir liggur að sóknaraðili, ásamt eiginmanni sínum, seldi 30. janúar 2007 hluti sína í **A**, auk þess sem eiginmaðurinn seldi fyrirtækja- og sparibréf. Í staðinn keyptu þau peningabréf varnaraðila. Hefur varnaraðili lýst því yfir að þessi viðskipti hafi verið í samræmi við ráðgjöf hans. Sóknaraðili heldur því annars vegar fram að þeim hjónum hafi ekki verið ljóst að um sölu hlutabréfa væri að ræða, en á þeim misskilningi hefðu þau áttað sig hefði þeim verið tjáð við söluna að þau myndu missa rétt til arðgreiðslu. Hins vegar telur sóknaraðili að varnaraðili hefði átt að ráðleggja sóknaraðila og eiginmanni hennar að bíða fram yfir aðalfund með sölu á hlutunum, óháð því hvort arður yrði greiddur út eða ekki.

Fyrir liggur í gögnum málsins að sóknaraðili hafi sjálfur farið í útibú varnaraðila og gengið frá ofangreindum viðskiptum. Þá liggur ekki annað fyrir en að hann hafi fengið í hendur kvittanir fyrir keyptum og seldum verðbréfum, þ.m.t. hlutabréfum. Gat sóknaraðila því ekki dulist að um sölu hlutabréfa væri að ræða. Verður heldur ekki séð að sóknaraðili hafi haft uppi nokkrar athugasemdir við umrædd viðskipti fyrr en eftir aðalfund **A**, 6. mars 2007 þar sem ákveðið var að greiða út 110% arð.

Þegar umrædd viðskipti áttu sér stað lá hvorki fyrir ársuppgjör **A**, né upplýsingar um hvort eða hve mikill arður yrði greiddur til hluthafa félagsins. Arðgreiðsla er bundin við hluthafa og arður því ekki greiddur til fyrrverandi hluthafa, nema sérstaklega kunnir að vera um slíkt samið við sölu hlutabréfa. Við arðgreiðslu lækkar verðmæti hlutafélags að öllu jöfnu og varð sú raunin með **A**, Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að tilefni hafi verið til að ráðleggja sóknaraðila að bíða með sölu hluta í félaginu fram yfir aðalfund þess. Verður og að líta til þess að fjárfesting í hlutabréfum, sérstaka í einu félagi, er áhættusöm. Það sem fram er komið í málinu bendir enda til þess að varnaraðili ráðleggi eldra fólki að minnka áhættu sína og fjárfesta í öruggari verðbréfum og falla peningabréf varnaraðila í þann flokk.

Með vísan til framanritaðs verður ekki eins og á stendur talið að ráðgjöf varnaraðila hafi verið áfátt í greint sinn. Verður því að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er hafnað.

Reykjavík, 27. ágúst 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Einar Páll Tamimi

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir